



FUNDARGERÐ

**247. fundur Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs
haldinn að Suðurlandsvegi 1-3 , mánudaginn 5. maí 2025
og hófst hann kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Eggert Valur Guðmundsson, Nanna Jónsdóttir, Tómas Birgir Magnússon, Valtýr Valtýsson, Hulda Karlsdóttir, Jón G. Valgeirsson og Víðir Reyр Þórsson.

Fundargerð ritaði: Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri.

Nanna Jónsdóttir sat fundinn í fjarfundi.

Dagskrá:

1. Verkstjóri, verkamaður, sumarstarfsmenn 2025 - 2504050

Framkvæmdastjóri fór yfir umsóknir sem bárust um starf verkstjóra á Strönd og störf verkamanna auk umsókna um sumarstörf.

Stjórn samþykkir að ráða Þorvald Helgason sem verkstjóra á Strönd og einnig að ráðnir verði tveir í starf verkamanna auk þriggja sumarstarfsmanna. Framkvæmdastjóra falið að ganga frá ráðningarsamningum við viðkomandi.

Önnur starfsmannamál færð í trúnaðarmálabók.

Samþykkt samhljóða.

2. Opnunartími á móttökustöðinni á Strönd - 2504051

Lagðar fram upplýsingar um opnunartíma á Strönd og framkvæmdastjóri fór yfir tillögur um breytingar á opnunartíma.

Stjórn samþykkir að lokað verði á Strönd fyrir almenna sorpmóttöku á mánudögum til að mæta styttingu vinnuvikunnar og ekki verði breytingar á opnunartíma milli sumars og veturs þannig að núverandi vetraropnunartími gildi allt árið. Breytingarnar taki gildi 1. júní n.k.

Samþykkt samhljóða.

3. Fyrirspurnir fulltrúa D-lista - 2408013

Fyrirspurn um þróun starfsmannamála hjá Sorpstöð Rangárvallasýslu á árunum 2022-2024

Lagt fram til kynningar svar við fyrirspurn um þróun starfsmannamála 2022-2024.

4. Umhverfismat - endurskoðun - 2504011



Lögð fram drög að matsáætlun vegna umhverfismats framkvæmda vegna sorporkuvers á Strönd.

Stjórn leggur til að matsáætlunin verði samþykkt og send til Skipulagsstofnunar, sbr. 21. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021.

Samþykkt samhljóða.

5. Sorpbrennslustöð - Sorporka ehf. - 2312018

Stjórn samþykkir drög að auglýsingu vegna þjónustusamnings til brennslu á 2500 tonnum/ári á Strönd af óendurnýtanlegum úrgangi frá heimilum, fyrirtækjum og iðnaði á starfssvæðinu með þeim fyrirvörum að skipulag, umhverfismat og starfsleyfi á Strönd verði samþykkt.

Samþykkt samhljóða.

6. Rekstraryfirlit 2025 - SOR - 2504071

Farið yfir rekstraryfirlit janúar-mars 2025.

Hulda fór yfir rekstur fyrstu þrjú mánuði ársins. Reksturinn er í samræmi við áætlanir.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:40.



Eggert Valur Guðmundsson

Nanna Jónsdóttir



Tómas Birgir Magnússon

